

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

#### *Dalbraut 8.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Dalbrautar 8. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur bílbeymslu er stækkaður og niðurgrafinn, byggingarreitur 1. hæðar er stækkaður, lofthæð er aukin og heimilað að vera með atvinnu-, félagsstarfsemi og íbúðir þar. Nýtingarhlutfall lóðar verður 2,0. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skógarlundur 1.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, áfanga 3A vegna Skógarlundar 1. Breyting er gerð á staðsetningu bílskúrs innan lóðar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sementsbraut 13 og 15 (reitur C).*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits vegna lóða við Sementsbraut 13 og 15. Breytingin felst í að dýpka byggingarreit í bílakjallara um 2,3 m og lækka kóta bílakjallara í -3,3 frá kóta 1. hæðar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 3. júní 2022.*

**Hafdís Sigurþórsdóttir**, fulltrúi skipulags- og umhverfissviði.